

LEIÐBEININGAR UM VARNIR GEGN TANNÁTU Á ÍSLANDI

Gagnreyndar leiðbeiningar um varnir gegn tannátu á Íslandi

Vinnuhópur landlæknis:

W. Peter Holbrook, tannlæknir, prófessor

Helga Ágústsdóttir, tannlæknir

Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir

Inga B. Árnadóttir, tannlæknir, dósent

Sigurður Rúnar Sæmundsson, tannlæknir, lektor

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, tannlæknir

Reykjavík, 2005

Tilvitnun:

Landlæknisembættið. W. Peter Holbrook, Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Inga B. Árnadóttir, Sigurður Rúnar Sæmundsson, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson. *Leiðbeiningar um varnir gegn tannátu á Íslandi*. Landlæknisembættið. Reykjavík 2005.

Samantekt

Leiðbeiningar um varnir gegn tannátu á Íslandi

Vinnuhópur landlæknis: W. Peter Holbrook, PhD, prófessor, tannlæknir, Helga Ágústsdóttir, MS, MPH, PhD, tannlæknir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, MS, tannlæknir, Inga B. Árnadóttir, MPH, dósent, tannlæknir, Sigurður Rúnar Sæmundsson, MPH, PhD, lektor, tannlæknir, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, MS, tannlæknir.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að tannáta hafi verið landlægur sjúkdómur hér á landi allt fram á miðjan áttunda áratug síðustu aldar og tannátutíðni há. Eftir það lækkaði tíðni tannátunnar hratt og var ástandið orðið svipað hér á landi og hjá öðrum Evrópulöndum, Norður-Ameríku og Ástralíu um miðjan níunda áratuginn.

Þróun síðustu ára bendir til sífellt meiri dreifingar tannátunnar innan ákveðinna þjóðfélags- eða aldurshópa þar sem hlutfallslega fáir eiga í baráttu við lítt hefta tannátu. Í ljósi þessa hafa áherslur heilbrigðisyfirvalda í forvörnum gegn tannátu breyst mikið. Hér á landi hefur alþjóðlegt endurmat og áherslubreytingar í forvörnum oftast en ekki komist til framkvæmda án þess að hugað sé að sérstöðu landsins á nokkurn hátt.

Landlæknir telur afar brýnt að móta stefnu hvað varðar áhættumat tannátu ásamt leiðbeiningum um forvarnir gegn tannátu á Íslandi og skipaði til þess vinnuhóp sem tekið hefur saman gagnagrundaðar leiðbeiningar um varnir gegn tannátu sem miðast við þær aðstæður sem við búum við hér á landi.

Könnun heimilda leiddi í ljós nokkrar nýbirtar erlendar skýrslur um svipað efni. Höfundar þessarar skýrslu komust að þeirri niðurstöðu að fjalla um tannátu og varnir gegn henni óháð aldurskiptingu. Í lok skýrslunnar er lítillega fjallað um ákveðna sérhópa þar sem aukin þörf sértækrar tannverndar getur skapast vegna sjúkleika, fötlunar og öldrunar. Þó er ljóst að stuðst er að mestu leyti við gögn úr rannsóknum á yngri aldurshópum við gerð þessarar skýrslu, þar sem rannsóknir á forvörnum fyrir eldri aldurshópa eru rýrar. Könnun heimilda leiddi líka í ljós nokkrar nýbirtar erlendar skýrslur um svipað efni. Skýrsla Scottish Intercollegiate Guidelines Network (SIGN) nr. 47 um forvarnir gegn tannátu meðal 6-16 ára barna (útgefin í desember 2000) var höfð til hliðsjónar og aðlöguð íslenskum aðstæðum eins og kostur var.

Eftirfarandi skýrsla fjallar því um tannátu meðal Íslendinga og hvernig best er að stemma stigu við þeim sjúkdómi. Skýrslan fjallar ekki um aðra munnsjúkdóma.

English Summary

Clinical guidelines on the prevention of dental caries in Iceland

Working party of the Chief Medical Officer: Professor W. Peter Holbrook, dental surgeon; Dr Helga Ágústsdóttir, MS, MPH, PhD, dental surgeon, Chief Dental Officer; Hólmfríður Guðmundsdóttir, MS, dental surgeon, Inga B. Árnadóttir, MPH, dental surgeon; Dr Sigurður Rúnar Sæmundsson, MPH, dental surgeon; Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, MS, dental surgeon.

The prevalence of dental caries in Iceland has been found in numerous studies to be very high, at least until the mid 1980's. After that the decline in caries prevalence that had become well established in most European countries, North America and Australasia began to be seen in Iceland as well. One consequence of this decline was that the distribution of caries among children and young adults became increasingly polarised with relatively few subjects experiencing most of the caries. This prompted a re-appraisal of the preventive strategies that had been adopted in Iceland, often without much adaptation for the particular circumstances in the country. Thus caries prevention strategies, that had been population based in order to try to reduce caries levels in the whole population, needed to be restructured in order to meet the increased polarity of caries distribution at the beginning of the 21st century. A new preventive strategy suitable for Iceland was, therefore, developed at the instigation of the Chief Medical Officer who appointed a Working Group to undertake this task.

Several assessments of preventive strategy have been published and, after reviewing the literature it was decided to adopt the evidence-based preventive strategy set out by the Scottish Intercollegiate Guideline Network (SIGN), no. 47 (published December 2000) as a basis for the Icelandic strategy. Using research and clinical experience from Iceland, the Working Group has produced the following guideline that is based on SIGN but extends recommendations to other population groups not covered by SIGN. These include the preschool child, adults, the elderly, and special groups such as the disabled and those medically compromised patients where dental caries may be a consequence of the underlying disease or its treatment. The guideline does not cover other oral diseases than dental caries.

Inngangur

Tilgangur: Skýrslu þessari er ætlað að vera stefnumótandi og leiðbeinandi um forvarnir gegn tannáttu á Íslandi. Hún nýtist öllum þeim sem starfa að vörnum gegn tannáttu.

Gildistími: Skýrslan er byggð á nýjustu þekkingu. Til að tryggð verði að leiðbeiningar um forvarnir gegn tannáttu á Íslandi verði alltaf samkvæmt bestu þekkingu þarf skýrslan stöðuga endurskoðun. Lagt er til að skýrslan verði endurskoðuð í heild eigi síðar en árið 2010.

Uppbygging: Þar sem sjúkdómsferli tannáttu og þekkt samspil tannsyklu, sykrunga og tanna vegur þyngra en aldur einstaklinga verður fjallað um tannáttu og varnir gegn henni óháð aldursskiptingu. Að lokum er stutt umfjöllun um ákveðna sérhópa þar sem aukin þörf sértækrar tannverndar getur skapast vegna sjúkleika, fötlunar og öldrunar.

Aðferðir og rammi: Skýrsla þessi er unnin með gagnagrundun að leiðarljósi. Gagnagrundun er aðferðafræði sem byrjaði að skjóta brumi í læknávisindum á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar og í byrjun þess tíunda. Gagnagrundun mætti lýsa sem: “Skilmerkileg og vel yfirveguð notkun á nýjustu og bestu staðreyndum til að taka vel ígrundaða ákvörðun um umönnun einstakra sjúklinga”¹.

Þegar skýrsla þessi er notuð til leiðbeininga verður að taka tillit til þess að innihald skýrslunnar leiðbeinir einungis um einn þátt ákvörðunar um klíniska meðferð. Lokaákvörðun um meðferð þarf í hvert sinn að taka mið af umræddum leiðbeiningum, auk klínískrar reynslu þess sem veitir meðferðina og óska sjúklings. Af þessum þremur gildu þáttum fjallar skýrslan, eins og áður sagði, einungis um niðurstöður rannsókna. Skýrslunni er því ekki ætlað að vera óyggjandi um leiðbeiningar til einstaklinga um það hvernig standa skuli að forvörnum gegn tannáttu. Þess ber og að geta, að þó farið verði í öllu eftir leiðbeiningunum er ekki tryggt að komið verði í veg fyrir tannáttu. Það er því mögulegt að einhver forvarnaraðferð eða samsetning aðferða sem ekki er nefnd í skýrslunni gagnist gegn tannáttu og henti betur í einhverjum tilvikum en þær aðferðir sem hér eru tilnefndar.


Til að meta nýjustu rannsóknir og önnur gögn sem skýrsla þessi er byggð á, var stuðst við flokkun gagna sem notuð voru fyrst af Scottish Intercollegiate Guidelines Network (SIGN²). Könnun heimilda fyrir gerð skýrslunnar leiddi strax í ljós að þegar höfðu margir aðilar hafið svipaðar rannsóknir og ætlunin var að ráðast í hér. Margar skýrslur um áhættumat og leiðbeiningar um forvarnir við tannáttu hafa því verið gefnar út á undanförunum árum. Þær eru allar byggðar á sama vísindalega grunninum. Höfundar ákváðu því að einbeita sér að nýlegum leiðbeiningum og laga niðurstöðurnar að íslenskum aðstæðum þar sem það á við. Þegar breytinga var þörf voru þær gerðar á grundvelli niðurstaðna íslenskra rannsókna.

Vægi munnheilsu: Velliðan og betri lífsgæði fylgja heilbrigði. Fötlun og tap vefja í munninu eru óafturkræf og krefjast gjarnan notkunar stoðtækja í formi munngera af ýmsu tagi. Slík fötlun hefur áhrif á sjálfsmynd og andlegt atgervi hvers manns. Forvarnir leiða því sannanlega til betra heilbrigðis og meiri lífsgæða³. Höfundar nýlegrar gagnreyndrar yfirlitsgreinar⁴ komust ekki að niðurstöðu um hversu mikill

fjárhagslegur ávinningur hlýst af forvörnum á þessu sviði, en ávinningur hvers einstaklings í formi heilbrigðis og vellíðunar er ljós.

TANNÁTA

Þróun tannátu: Tannáta er sjúkdómsferli í kölluðum vef tanna sem verður vegna samspils örvera og kolvetna í fæðu. Örverur þessar lifa í þéttu þunnu lagi við tannfirborð og kallast tannskýla. Þó tannskýla sé fjarlægð af tannfirborði með



burstun myndast hún aftur á nokkrum klukkustundum.

Margar tegundir örvera er að finna í tannskýklunni, en mikilvægastar í uppruna og myndun tannátu eru *Streptococcus mutans* og *Lactobacillus*. Þessar örverur gerja sykurlaus og mynda við það mjólkursýrur sem fella sýrustigið (þ.e.a.s. lækka pH gildi) næst tannfirborðinu. Þegar sýrustig tannskýklunnar lækkar leysist yfirborð glerungsins upp og steinefni tapast, aðallega kalk og fosfat. Þegar sýrustigið hækkar aftur, vegna hlutleysandi áhrifa munnvatnsins, snýst ferlið við. Ef heildarútkoman er tap steinefna, byrjar skemmd að myndast undir yfirborði glerungs. Ef skemmdin stækkar enn frekar fylgir þessu rof á yfirborði og holumyndun á sér stað, sem kallast í daglegu tali tannskemmd. Þróun tannátu er líklegri á stöðum sem erfitt er að komast að til að hreinsa því þar fær tannskýkkan færi á að liggja óhreyfð með fyrrgreindum afleiðingum.

Sá tími sem það tekur tannátuna að grafa sig í gegnum glerunginn þannig að hægt sé að greina hana á röntgenmynd er breytilegur, frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár.

Minni neysla sykurs, bæði hvað varðar magn og þó sérstaklega tíðni ásamt eðlilegu munnvatnsflæði hamlar myndun tannátu. Góð munnhirða, tannburstun og notkun á

tannþræði, fjarlægir tannskýkluna. Flúor vinnur gegn úrkölkun í glerungi og skorufyllur verja yfirborð tyggingaflata.

Leiðbeiningar um varnir gegn glerungseyðingu (tanntæringu) er ekki að finna í þessari skýrslu en eru teknar saman af Holbrook *et al*⁵. Tæring glerungs af þessu tagi verður til vegna síru sem ekki er mynduð af örverum í tannskýklu heldur vegna síruinnihalds drykkja og hugsanlega vegna bakflæðis úr maga. Glerungseyðing hjá börnum er oft tengd mikilli neyslu á gosdrykkjum og ávaxtasafa^{6,7}. Þegar bakflæði er talið valda glerungseyðingu ætti að vísa sjúklingnum í læknisrannsókn.

Varnir gegn tannátu: Miklar framfarir hafa orðið undanfarna hálfra öld í þeim læknavísindum sem hafa munnsjúkdóma að viðfangsefni. Samstíga framförum í þekkingu á tannátu og öðrum munnsjúkdómum hafa orðið miklar framfarir við að stemma stigu við þessum sjúkdómum. Hvað tannátu varðar, þá er vel þekkt hvernig verjast má sjúkdómnum⁸.

Fyrsta stigs forvarnir eru til varnar sjúkdómnum. Þær miða að því að viðhalda góðri heilsu með því að minnka áhættu á sjúkdómnum eða skaða af völdum hans. Í þessum leiðbeiningum snúast fyrsta stigs forvarnir um að halda tönnum án tannátu.

Annars stigs forvarnir miða að því að takmarka þróun og áhrif sjúkdóms eins snemma og mögulegt er eftir að hans verður vart. Þessar varnir fela í sér frekari fyrsta stigs forvarnir.

Þriðja stigs forvarnir einskorðast við að takmarka áhrif sjúkdómsins eftir að hann hefur valdið skaða. Á þessu stigi hefur sjúkdómurinn þróast að því marki að heilsa sjúklingsins hefur breyst og mun ekki aftur komast í fyrra horf. Þriðja stigs forvarnir miða ekki aðeins að því að byggja upp skemmdar tennur heldur verða þær einnig að fela í sér frekari fyrsta og annars stigs forvarnir til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Þetta þýðir að auk þess að gera við tennur þarf einnig að líta á orsakirnar sem hluta af skilvirkri meðferð sjúkdómsins.

Til að varnir gegn tannátu skili árangri er fræðsla um tannvernd nauðsynleg.

STEFNUMÓTUN

Stefnumótun í tannheilsumálum á Íslandi er í höndum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, með fulltingi tannheilsudeildar ráðuneytisins.

Tannverndarráð-Lýðheilsustöð, Miðstöð tannverndar-heilsugæslunni, Tannlæknadeild Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Landlæknisembættið, og heilsugæsla landsins hafa auk þess tekið þátt í framkvæmd tannverndar á samfélagslegum grunni. Framkvæmd forvarna gegn tannátu hjá einstaklingum er að mestu í höndum tannlækna og tannfræðinga en einnig að nokkru í höndum lækna, hjúkrunarfólks og starfsfólks heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, öldrunarstofnana, hjúkrunarheimila, sambýla og skóla.

Árið 2002 var stofnuð Miðstöð tannverndar innan vébanda heilsugæslunnar, sem gegnir stóru hlutverki sem faglegur bakhjarl innan heilsugæslunnar á sviði

munneilbrigðismála. Hlutverkinu er sinnt með rannsóknum, upplýsingaöflun, fræðslu og ráðgjöf.

Einkum eru viðhafðar þrjár meginstefnur í forvörnum gegn tannáttu í dag. Þær eru: (i) stefna sem leggur áherslu á varnir meðal þeirra einstaklinga sem eru í mestri áhættu; (ii) stefna sem leggur áherslu á þá *hópa* sem eru í mestri áhættu; og (iii) stefna sem leggur jafna áherslu á alla í samfélaginu óháð áhættu. Þessar meginstefnur í forvörnum hafa sín nöfn á erlendum tungumálum en hér verður kosið að kalla þær (i) áhættustefnu (ii) áhættuhópastefnu og (iii) þýðisstefnu.

Tafla 1 Meginstefnur í forvörnum gegn tannáttu.		
Íslenskt heiti	Heiti stefnu á ensku	Stutt lýsing
Áhættustefna	High risk strategy	Leggur áherslu á forvarnir gegn tannáttu hjá <i>einstaklingum</i> sem eru í áhættu.
Áhættuhópastefna	Risk group strategy	Leggur áherslu á forvarnir gegn tannáttu hjá <i>hópum</i> sem eru í áhættu.
Þýðisstefna	Population strategy	Leggur jafna áherslu á forvarnir gegn tannáttu hjá öllum í samfélaginu óháð áhættu.

Áhættustefna: Áhættustefna kallast það þegar forvörnum er sérstaklega beint að einstaklingum í mestri áhættu. Stefnan byggist á því að hægt sé að finna þá sem eru í mestri áhættu. Þessi stefna er áhrifamest þegar tíðni sjúkdómsins meðal þýðisins er lág. Þessi stefna er einnig réttlæt看leg þó tíðni sjúkdómsins sé há ef henni er beint að þeim einstaklingum sem verst verða úti af völdum sjúkdómsins⁹. Bent hefur verið á mikinn kostnað sem fylgir því að finna einstaklinga með tannáttu⁹ en kostnaðurinn vex þegar tíðni sjúkdómsins minnkar. Einstaklingsforvarnir eru dýrar í krónum talið en þær skila miklum árangri. Forvarnarfræðsla veitt á tannlækningastofu til foreldra ungs barns sem fengið hefur tannskemmd er dæmi um áhættustefnu. Annað dæmi er fræðsla veitt sjúklingi á sjúkrahúsi sem greinst hefur með krabbamein.

Áhættuhópastefna: Áhættuhópastefna kallast það þegar forvörnum er beint að hópi sem af einhverjum ástæðum greinist með sameiginleg áhættueinkenni. Á Íslandi hefur t.d. verið sýnt fram á hærri tíðni tannáttu í sjávarþorpum en á höfuðborgarsvæðinu eða til sveita en áhættan jafnast út með hækkingu aldris¹⁰. Faraldsfræðilegar rannsóknir eru nauðsynlegar til að finna þá hópa sem í mestri áhættu eru. Áhættustefna og áhættuhópastefna í forvörnum gegn tannáttu eru um margt líkar og hafa stefnurnar tvær af mörgum verið settar saman í eina stefnu sem þá kallast áhættustefna

Meginmunurinn á áhættustefnu og áhættuhópastefnu er sá að hin fyrrnefnda metur áhættu út frá einstaklingsbundnum forsednum á meðan hin síðarnefnda tekur til áhættu sem fjöldi fólks býr við. Áhættuhópastefnan gerir ráð fyrir að innan hópsins séu margir einstaklingar í áhættu, þó einnig séu þar einstaklingar í engri áhættu. Þannig er áhættuhópastefnan ekki eins markviss en á móti kemur að hún er fjárhagslega hagkvæmari.

Sem dæmi um áhættuhópastefnu má nefna auglýsingu í sjónvarpi eða kvikmyndahúsi til að beina athyglinni að málefnum sem snerta tannvernd. Annað dæmi er átak til takmörkunar á neyslu sætinda hjá yngri börnum við einn dag í viku hverri.

Fleiri dæmi um áhættuhópastefnu má nefna svo sem: (i) dreifingu fræðslubæklinga til barna og unglunga um val á nesti og bita milli mála; (ii) flúorskolun grunnskólabarna; (iii) átak gegn tannáttu hjá unglungum 12-18 ára, þar sem lifnaðarhættir ásamt óhollum neysluvenjum auka líkur á tannáttu; (iv) átak gegn tannáttu og tanntapi hjá vistmönnum elliheimila, (v) fræðsluáttak á sambýlum fatlaðra; (vi) fræðsluáttak fyrir sjúklinga með munnþurrk.

Þýðisstefna: Þýðisstefna beinir forvörnum gegn sjúkdómum að samfélaginu öllu, hvort sem þýðið eru allir þegnar landsins eða minni landfræðilega skilgreindir hópar. Þegar þýðisstefnu er fylgt beinist athyglin að því að fyrirbyggja sjúkdóma og draga úr áhættu meðal allra meðlima þýðisins óháð áhættu einstaklingsins. Þýðisstefna er aðferð sem nýtist best þegar um algenga sjúkdóma er að ræða því þannig njóta flestir forvarnanna með lágmarkstilkostnaði og fyrirhöfn. Þýðisstefna er hins vegar óhentug þegar um sjaldgæfa sjúkdóma er að ræða.

Sem dæmi um þýðisstefnu má nefna flúorbætingu drykkjarvatns, notkun flúortannkremis⁹, mótun laga- og reglugerðaumhverfis, greiðslur úr tryggingasjóðum fyrir forvarnir og símenntun þeirra sem að forvörnum starfa.

Í stefnumótun heillar þjóðar í vörnum gegn tannáttu þarf að nýta allar meginstefnurnar þrjár. Það er afar mikilvægt að heilbrigðisyfirvöld séu þar í forystu og boði mikilvægi góðrar munnheilsu.

Dreifing tannáttu: Ljóst er að dreifing tannátunnar innan ákveðinna þjóðfélags- eða aldurshópa skiptist æ meira í tvö horn. Sem dæmi má nefna að 9% skoskra fimm ára barna og 6% fjórtán ára barna eru með 50% tannátunnar í viðkomandi aldursflokki². Svipaða dreifingu á tannáttu, er að finna meðal leikskólabarna á Íslandi, en rannsóknir¹¹ sýna að 27% fjögurra ára barna eru með 67% tannátunnar.

Tafla 2 Dreifing tannáttu í íslenskum börnum				
% barna	% tannáttu	aldur	staður	rannsóknarár
27	67	4	Reykjavík	1989 ¹¹
25	60	11-12	Akureyri	1991 ¹²
10	30	12	Reykjavík	1997 ¹³
10	24	15	Reykjavík	1997 ¹³

Auk þess má nefna aukna tíðni tannáttu vissra aldurshópa í sjávarþorpum í samanburði við sveitir og þéttbýli¹⁰⁻¹⁸. Heilbrigðisyfirvöld hafa nýtt sér áhættuhópastefnuna með því að leita uppi þá hópa sem mest þurfa á forvörnum að halda. Með því móti skapast

möguleikar á skilvirkri nýtingu fjármagns til brýnna forvarnarverkefna. Áhættustefnan verður eftir sem áður áfram við lýði þar sem áhættan er metin hjá hverjum einstaklingi fyrir sig¹⁹.

FORVARNIR

ÚTSKÝRINGAR Á NIÐURSTÖÐUM OG STYRKUR LEIÐBEININGA

Skilgreining á niðurstöðum og flokkun leiðbeininga um forvarnir gegn tannátu koma frá US Agency for Health Care Policy and Research²⁰ og eru settar fram í töflu 4. Gæði gagna eru skilgreind *Ia-III* (tafla 3) og styrkur leiðbeininga **A**, **B** eða **C** (tafla 4).

Tafla 3 Gæði gagna eftir uppruna.	
Flokkur	Uppruni gagna
Ia.	Gögn úr <i>meta-analysis</i> með slembiaðferðum
Ib	Gögn úr a.m.k. einni vel gerðri íhlutandi rannsókn þar sem valið er í samanburðarhópa með slembiaðferðum (randomized clinical trial)
IIa.	Gögn úr vel gerðri íhlutandi rannsókn þar sem ekki er valið í samanburðarhóp með slembiaðferðum (non-randomized clinical trial)
IIb	Gögn úr vel gerðri samanburðarrannsókn á sjúklingum (case-control study) eða langtímarannsókn (cohort study), helst af fleiri en einum uppruna.
III.	Gögn úr vel gerðri lýsingatilraun (descriptive study) eins og samanburðarrannsókn, fylgnirannsókn (<i>correlation</i>) og sjúklingatilfellum (case reports)
IV	Skoðanir virtra aðila, byggðar á klínískri reynslu. Skýrslur sérfræðinefnda.

Tafla 4 Styrkur leiðbeininga um forvarnir gegn tannátu	
Flokkur	Lýsing
A.	Afar sterk rök mæla með aðferðinni til varnar tannátu á Íslandi
B.	Góð rök mæla með aðferðinni til varnar tannátu á Íslandi
C.	Veik rök mæla með aðferðinni til varnar tannátu á Íslandi

Góðar starfsvenjur: Þær byggjast á klínískri reynslu þeirra sem tóku saman ráðleggingarnar.

Góðar starfsvenjur eru merktar *

1 FYRSTA STIGS FORVARNIR

Eftirfarandi ráðleggingar miða að því að koma í veg fyrir tannátu hjá 6 mánaða og eldri. Skilvirkar forvarnaraðgerðir gegn tannátu bæta heilbrigði og tannvernd þarf að hefja sem fyrst á lífsleiðinni og ekki síðar en við uppkomu fyrstu tannar.

Hvaða einstaklingar eru í mikilli áhættu?

Ef þróun tannátu er höfð í huga og mikil útbreiðsla hennar meðal fullorðinna, þá er ljóst að flestum börnum er hætt við tannátu. Hins vegar er það eitt af markmiðum þessara leiðbeininga að finna þá sem eru í áhættu og koma í veg fyrir endurteknar og sífelld verri afleiðingar sjúkdómsins. Áhættuþættir og sú áhættuflokkun sem mælt er með er tekin saman í töflu 5.

Áhættumat er grundvöllur fyrir framkvæmd þessara leiðbeininga. Klínísk þjálfun, reynsla og þekking á högum einstaklinga samhliða réttri greiningu áhættuþátta hefur reynst vel við áhættumat.

1.1 ÁHÆTTUMAT

Markmiðið er að halda bæði barna- og fullorðinstönnum heilbrigðum. Áhættumat er mikilvægt og endurmat þarf að fara fram reglulega vegna síbreytilegra aðstæðna. Þessar leiðbeiningar miða að því að finna þá sem hættast er við að fá tannátu og koma í veg fyrir þann mikla skaða sem hún veldur. Hins vegar verður að hafa það í huga að fyrsta stigs forvarna er þörf hjá öllum til að viðhalda lágri áhættu.

Þó umfangsmikið yfirlit aðferða til að meta áhættu hafi sýnt að takmörk séu fyrir því hve sértækt (specificity) og næmt (sensitivity) slíkt mat geti orðið, þá er engu að síður mögulegt að meta áhættustig með hagkvæmum hætti fyrir yngri aldurshópa²¹⁻²⁴. (IIB)

B Sérstakt áhættumat ætti að framkvæma á öllum þeim einstaklingum sem koma í eftirlit til tannlæknis.

1.2 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Þegar mat er lagt á áhættu þarf að hafa í huga hina ýmsu orsakapætti tannátunnar. Þekking tannlæknis á áhættuþáttum, greiningu áhættuþátta auk þekkingar á sjúklingnum sjálfum, hefur reynst vera ein öflugusta aðferðin til að spá fyrir um áhættu hjá einstaklingum^{22,23}. Sérstaklega gefur huglægt mat tannlæknis á langtímabreytingum á stuðlunum DMFS og dmfs (skemmdir, tapaðir og fylltir fletir) góðar vísendingar um áhættu²¹. (IIB, IV)

Samantekt áhættuþátta í eftirfarandi töflu er byggð á kerfisbundnu yfirliti sem framkvæmt var fyrir hin bresku *Royal College of Surgeons, Faculty of General Dental Practitioners* ²⁵ og The National Institute for Clinical Excellence, Guideline #19 Dental Recall” ²⁶.

Tafla 5 Áhættuþættir tannátu.

Áhættuþættir	Flokkun		
	Mikil áhætta	Lítill áhætta	
Heilsufarsþættir	Lyfjanotkun	Án lyfja	
	Fötlun	Heilbrigður	
	Munnþurrkur	Eðlilegt munnvatnsflæði	
Klínískir þættir	Nýjar tannskemmdir	Engar nýjar tannskemmdir	
	Ótímabært tanntap	Ekkert tanntap	
	Skemmdir í framtönnum	Engar skemmdir í framtönnum	
	Miklar viðgerðir	Fáar viðgerðir	
	Engar skorufyllur	Skorufyllur til staðar	
	Tannréttingatæki	Einvörðungu eldri fyllingar til staðar	
	Neysluvenjur	Tíð sykurneysla	Lítill sykurneysla
	Félagslegir þættir	Félagslega illa settur	Félagslega vel settur
		Há tannskemmdatíðni meðal systkina	Lág tannskemmdatíðni meðal systkina
Lítill þekking á munnsjúkdómum		Góð þekking á orsakabáttum munnsjúkdóma og tannvernd	
Óreglulegt eftirlit tannlæknis		Reglulegt eftirlit tannlæknis	
Sífelld nart milli máltíða		Nart fátítt	
Flúornotkun	Flúorsnautt tannkrem	Flúorríkt tannkrem (1000-1500 ppm)	
Tannhirða	Óregluleg og ómarkviss	Regluleg og markviss	
Ástand munnvatns	Skert flæði	Eðlilegt flæði	
	Skert stuðpúðavirkni	Eðlileg stuðpúðavirkni	
	Há talning á <i>S. mutans</i> og <i>Lactobacillus</i>	Lág talning á <i>S. mutans</i> og <i>Lactobacillus</i>	

Hér á eftir fer nánari lýsing á mikilvægi þessara áhættuþátta.

1.3 FYRRI SAGA UM TANNÁTU

Fyrri saga um tannátu er mikilvæg vísbending um aukna tíðni tannátu í framtíð hvers einstaklings.

Þegar áhætta er metin hjá ungum börnum (sex ára) er tannáta í barnatönnum betri mælikvarði en tannáta í fyrstu fullorðinsjöxlum ²⁷. (IIb)

Þegar áhætta er metin hjá eldri einstaklingum er hjálplegt að leggja mat á fjölda nýrra tannskemmda sérstaklega á framtannasvæði, miklar viðgerðir og ótímabært tanntap.

1.4 MATARÆÐI

Það er staðreynd að með vaxandi tíðni á neyslu kolvetna aukast líkurnar á myndun tannátu en minnkuð neysla dregur úr nýmyndun tannátu ^{16,28-36}. Kolvetni, sykrur af ýmsu tagi, er stór hluti af daglegu fæði. Börn borða næstum sautján sinnum á dag ²⁸⁻³⁰ og oft eru það bitar milli mála sem innihalda mest af sykri. Þó að áhættuþættir tannátu séu margir, þá spila staðbundin áhrif sykra í fæðu úrslitahlutverk í sjúkdómsferlinu (III).

Vipeholm rannsóknin ³¹ frá árunum 1945-53 er einhver umfangsmesta athugun á sambandi sykurneyslu og tannátu. Niðurstöður sýndu að neysla sætra drykkja og matar milli mála og við máltíðir tengist mjög aukinni tíðni tannátu. Af siðferðilegum ástæðum hefur sambærileg rannsókn aldrei verið endurtekin en stöðum hefur verið skotið undir niðurstöðurnar í mörgum nýlegum skýrslum ^{32,33}. Nokkrar rannsóknir á Íslandi hafa staðfest áhrif ýmissa þátta í mataræði á tannátu, sérstaklega neyslutíðni á matvælum sem innihalda kolvetni. Rannsóknir sýna að tíðni á fæðutekju hefur meiri áhrif á tannátu en magn fæðu. Rannsókn á fjórtán ára íslenskum börnum leiddi í ljós að 50% þeirra sem ólust upp við nammidag einu sinni í viku voru með allar tennur heilar en aðeins 13 % sem ekki ólust upp við nammidag (IIb) ^{11,16}.

Ljóst er að það eru margir þættir í mataræði sem tengjast tannátu (IIa, II), svo sem:

- Hversu oft kolvetna er neytt
- hlutfall kolvetna í mat
- tegund og gerð kolvetna
- lengd þess tíma sem kolvetni dvelja í munni
- sífellt nart milli mála
- í hvaða röð maturinn er borðaður.

1.5 FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Rannsóknir sýna að tannáta er mest áberandi hjá skólabörnum þar sem fjölskyldutekjur eru lágar. Tíðni tannátu er meiri hjá börnum í þessum fjölskyldum, tennur án tannátu eru færri, minna er um skorufyllingar og meira um ómeðhöndlaðar tannskemmdir ³⁷⁻³⁹. (III)

1.6 NOTKUN FLÚORS

Mikilvægt er að bursta tennur með flúortannkremi tvisvar sinnum á dag frá því fyrsta tönnin kemur í ljós. Regluleg notkun á flúormunnskoli dregur einnig úr hraða á myndun tannátu en forvarnargildið liggur fyrst og fremst í reglulegri notkun flúors ⁴⁰⁻⁴⁴. Flúorbæting drykkjarvatns er einnig skilvirk og örugg aðgerð til að draga úr tannátu ⁴⁵ og sýnt hefur verið fram á að flúorbæting drykkjarvatns er sérlega gagnleg þeim sem ekki njóta annarra varna ³⁷. Drykkjarvatn á Íslandi er flúorsnautt. Önnur notkun flúors til varnar tannátu er rædd í köflum 2.2, 3.2 og 3.3. (IIa, III).

1.7 MUNNHIRÐA

Mikilvægt er að fjarlægja tannskýlu af tönnum með tannburstun tvisvar á dag til að draga úr áhrifum sýklunnar á myndun tannátu. Börn geta ekki annast tannhirðu sjálf fyrr en um tíu ára aldur og þá undir eftirliti foreldra.

1.8 MUNNVATN

Munnvatn gegnir mikilvægu hlutverki í vörnum gegn tannátu ^{11,24}. Ef munnhirðu er ábótavant og tannskýla nær að safnast fyrir, þá hindrar hún aðgengi munnvatnsins að tannfirborðinu og varnarkerfið gagnast ekki. Mikilvægi munnvatns í baráttunni gegn úrkölkun tanna er oft vanmetið en hlutverk munnvatnsins er oft skýrast þegar því er ábótavant. Einstaklingar með alvarlegan munnþurrk eiga á hættu baráttu við lítt hefta tannátu. (III)

1.9 SÝKLAR

Einn af áhættuþáttum tannátu er bakterían *Streptococcus mutans*. Þessi baktería kemur sér einna helst fyrir í munnholi á tveimur aldursskeiðum; við 26 mánaða aldurinn ⁴⁶(IIb) og svo seinna þegar barnið er komið með blandað tannsett (bæði barna- og fullorðinstennur). Sýnt hefur verið fram á að smitleið *Streptococcus mutans* er aðallega frá móður til barns ⁴⁶ og því fyrr á lífsleiðinni sem smitið verður því hærra verður tíðni tannátu hjá barninu þegar það kemst á skólaaldur ⁴⁷. Þessi áhrif á munnflóru barnsins virðast vara allt fram á unglingsár ⁴⁷ (IIb).

1.10 SJÚKRASAGA

Aukin þörf tannverndar getur skapast vegna sjúkleika, fötlunar, öldrunar eða sérstakra aðstæðna og framkvæmd munnhirðu er þá oft erfiðari og flóknari ⁴⁸. Lyfjanotkun getur auk þess valdið munnþurrki sem eykur hættuna á tannátu. Nauðsynlegt er að heilbrigðisstarfsfólk búi yfir þekkingu á forvarnarræðum auk færni til að aðstoða og taka þátt í framkvæmd sértækrar tannverndar.

2 TANNVERND.

Heilbrigðisstéttir hafa siðferðilega skyldu til að upplýsa sjúklinga um munnsjúkdóma og hvernig má forðast þá.

Langvarandi hvatningu þarf til að einstaklingur tileinki sér góða munnhirðu. Mikilvægast í þeirri áeggjan er að höfða til eigin ábyrgðar á heilsu og hegðunarmynstri ⁴⁹. (Ib) Fræðsla um tannvernd á meðan sjúklingur er í tannlæknastól hefur oft meiri áhrif en aðrar fræðsluáðferðir. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að fræðslan sem slík hafi áhrif til forvarnar gegn tannáttu nema hún sé tengd notkun flúors ⁵⁰. (Ia)

Sjálfstætt vægi flúors eða fræðslu í þessu tilliti er umdeilt efni þrátt fyrir mikilvægi málsins ^{51,52}. Orsakanna er e.t.v. að leita í þeim erfiðleikum sem felast í því að rannsaka ⁵² einvörðungu þátt fræðslu í jafn umfangsmiklu verki og forvarnir eru. Eftir sem áður er hægt að setja eftirfarandi ábendingu fram í ljósi þess að einstaklingar í mikilli áhættu komi á tannlækningastofur.

***Tannlæknar og tengdar starfsstéttir ættu að leiðbeina um tannvernd**

A Leiðbeiningar um tannvernd veittar sjúklingi í tannlæknastól hafa sannanlega jákvæð áhrif.

2.1 REGLULEGT EFTIRLIT TANNLÆKNIS

Reglulegt eftirlit tannlæknis er mikilvægur þáttur í forvörnum gegn tannáttu og meðferð við tannáttu. Nýlegar rannsóknir benda til þess að mörg íslensk börn fari ekki í reglulegt eftirlit til tannlæknis ⁵³. Helstu ástæður þess að ekki er farið til tannlæknis má rekja til hræðslu og kvíða, sinnuleysis, skipulagsleysis, daprar ímyndar tannlækninga auk kostnaðar. Tannvernd er einn þáttur heilsuverndar og því mikilvægt að heilbrigðisstéttir komi til skila fróðleik um mikilvægi góðrar munnheilsu og ráðleggingum um tannvernd og mikilvægi reglulegs eftirlits.

Í íslenskum rannsóknum ^{10,13,17,18} kemur fram að tannátt er mjög misdreifð, þannig að minnihluti barna er með meirihluta tannskemmda. Þessi ójafna deifing tannáttu sýnir að þörfin á eftirliti er bæði mjög einstaklingsbundin og einnig háð tannþroskastigi hvers einstaklings ²⁶. Auk þess hafa umhverfisþættir og lífstíll áhrif á þörfina fyrir eftirlit ²⁶.

Æskilega tíðni eftirlits þarf að ákvarða fyrir hvern einstakling fyrir sig. Þá ákvörðun skal byggja á vandlegu mati á tannátustigi, þ.e. fyrri reynslu og núverandi ástandi í munnholi og spá um áhættu hvers einstaklings á því að frekari tannátt myndist ²⁶. Yfirlit yfir ákvarðanatöku varðandi áhættumat er gefið upp í töflu 6 ²⁶. Tíðni eftirlits fyrir 18 ára og yngri ætti að vera á bilinu 3-12 mánuðir, stytst fyrir þá sem eru í mestri áhættu.

Tími milli skoðana er hér e.t.v. heldur styttri en mælt er með í Skandinavíu ⁵⁴ en tíðni tannáttu hefur verið hærri hér á landi. Að meðaltali voru 3.7 nýir tannfletir skemmdir á hvert barn 12-15 ára á árunum 1984-7. Þetta lækkaði reyndar niður í 2.4 nýja

skemmda fleti á árunum 1991-4^{13, 54, 137}, en jafnvel nýjustu langtíma rannsóknir sýna > 1 nýjan skemmdan flöt á hvert barn í röntgengreiningu einni saman¹³⁷. Það er því ekki tímabært að okkar mati að lengja tímabilið milli eftirlits meira en í eitt ár fyrir unglunga.

Mat á núverandi tannátustigi og spá um áhættu er á ábyrgð tannlæknis sem skal styðjast við þá þætti er nefndir eru í töflu 6 og 7²⁶. Alla nýja sjúklinga skyldi áhættumeta og endurnýja skal áhættumatið stöðugt. Við áhættumat skal taka tillit til sjúkrasögu, fyrri sögu um tannátu, lífstíls, mataræðis, flúornotkunar, munnhirðu og munnvatnsflæðis. Í sérstökum tilfellum getur verið nauðsynlegt að gera önnur próf til að meta hættu á tannátu^{19,21,24}.

Tafla 6. Hvernig skal ákvarða tímabil milli skoðana - yfirlit

		Sjúklingar yngri en 18 ára	Sjúklingar eldri en 18 ára
1. þrep	<ul style="list-style-type: none"> Aldur sjúklings ákvarðar tíðni heimsóknna 	Á bilinu 3ja til 12 mán fresti	Á bilinu 3ja til 24 mán. fresti
2. þrep	<ul style="list-style-type: none"> Til hliðsjónar skal taka mið af félagsstöðu, sjúkrasögu og tannheilsu, auk niðurstöðu tannskoðunar 	Á bilinu 3ja til 12 mán. fresti	Á bilinu 3ja til 24 mán. fresti
3. þrep	<ul style="list-style-type: none"> Skoða öll gögn, greiningu og horfur, auk ráðlegginga sérfróðra ef til koma Láta klínískt mat ráða hvenær næsta greining fer fram 	Á bilinu 3ja til 12 mán. fresti	Á bilinu 3ja til 24 mán. fresti
4. þrep	<ul style="list-style-type: none"> Greina sjúklingi frá ráðlögðu tímabili milli skoðana Skrá sætti eða ósætti sjúklings við ráðleggingar 	Samtöl /viðræður milli ráðleggjanda og sjúklings	Samtöl /viðræður milli ráðleggjanda og skjólstæðings
5. þrep	<ul style="list-style-type: none"> Við næstu skoðun skal meta hvort tími milli skoðana er rétt ákvarðaður Breyta bili milli skoðana í samræmi við getu sjúklings til að viðhalda tannheilsu sinni 	Stöðugt endurmat	Stöðugt endurmat

Tafla 7. Yfirlit þátta er hafa áhrif á áhættumat.

Neikvæðir þættir:

- Heilsufarsástand sem gæti orðið hættulegt ef sjúklingur er með tannskemmdir.
- Sjúkdómur eða lyfjanotkun sem eykur hættu á tannskemmdum.
- Heilsufarsástand sem gæti torveldað tannlæknishjálp.
- Miklar tannskemmdir hjá móður eða systkinum.
- Mikil eða tíð neysla á sykri.
- Nýjar tannskemmdir.
- Tannskemmdir eða viðgerðir í framtönnum.
- Ótímabært tanntap vegna tannskemmda.
- Miklar viðgerðir í tönnum.
- Viðvarandi eða eldri saga um rótarskemmdir.

Jákvæðir þættir:

- Dagleg notkun á flúortannkremi.
- Önnur notkun á flúor.

Eins og fram kom að ofan, ætti að framkvæma sérstakt áhættumat á öllum þeim einstaklingum sem koma í eftirlit til tannlæknis.

***Heimilislæknar og heilbrigðisstarfsfólk ættu að hvetja til reglulegs eftirlits hjá tannlækni.**

2.2 NOTKUN FLÚORTANNKREMS

Tannburstun með flúortannkremi tvisvar sinnum á dag er afar áhrifamikill þáttur í daglegri vörn gegn tannskemmdum. Sýnt hefur verið fram á að tannkrem sem innihalda 1000-2800 ppm flúor draga úr tannáttu⁴⁰⁻⁴². Árangurinn er betri hjá þeim sem burstu tvisvar á dag en þeim sem burstu sjaldnar. Það dregur úr jákvæðum áhrifum flúortannkremis ef munnurinn er skolaður á eftir með vatni⁴⁹. (Ib).

Gagnreyndar rannsóknir hafa staðfest án efa þann ávinning er hlýst af notkun flúortannkremis hjá börnum og unglingum, en ávinningur fullorðinna er ekki fullrannsakaður^{55,56}. Engin rök benda þó til annars en að fullorðnir hafi sama ávinning af notkun flúortannkremis.

A Mælt er með því að bursta tvisvar á dag með tannkremi sem inniheldur að minnsta kosti 1000 ppm flúor, skyrpa svo tannkreminu en skola ekki með vatni á eftir ^{49,56,57} (IV).

Hafa ber í huga að börn undir sex ára aldri kyngja stórum hluta tannkremisins sem upp í þau fer. Því er mikilvægt að þau skammti sér það ekki sjálf og öruggast að geyma tannkremið þar sem þau ná ekki til þess. Hæfilegt magn flúortannkremis fyrir börn að tveggja ára aldri er sem nemur einum fjórða af stærð naglar á litla fingri barnsins. Þegar allar barnatennurnar tuttugu eru komnar upp og til sex ára aldurs, ætti að nota það magn flúortannkremis (1000 ppm) sem samsvarar stærð naglar á litla fingri barnsins.

A Mælt er með því að bursta tennur barna að sex ára aldri tvisvar á dag með tannkremi sem inniheldur 1000ppm flúor. Foreldri skammtar magn tannkremis og ekki er mælt með skolun munns eftir tannburstun ⁵⁸.

Árangur af notkun tannkremis með rýrt innihald flúors er enn ósannaður. Því verður áfram mælt með tannkremi sem inniheldur 1000 ppm flúor, en aðeins í litlu magni eins og áður er getið.

2.3 MATARÆÐI OG SYKURNEYSLA

Beint samband er milli sykurneyslu og tíðni tannátu ^{16,29-36}. Lækkun verður á tíðni tannátu á snertiflötum hjá tólf ára börnum með bættu mataræði og þjálfun í góðri tannhirðu ⁵⁹. Einnig er mælt með að neysla sykurs sé bundin við matmálstíma ⁶⁰. (III, IV). Þörf er á fleiri rannsóknum til að meta hversu mikil áhrif breytt mataræði getur haft til að koma í veg fyrir eða stöðva framgang tannátu ⁶¹.

C Leggja ætti áherslu á nauðsyn þess að einskorða neyslu sykraðs matar og drykkjar við matmálstíma.

2.4 MUNNVATN

Eðlilegt flæði munnvatns, magn og samsetning, gegnir miklu hlutverki í vörnum gegn tannátu ^{11,24}.

Munnvatn hamlar myndun tannátu á margvíslegan hátt:

- hefur stuðpúðaáhrif á sýrustig
- skolar burt matarleifum og tannskýklu
- hefur hamlandi áhrif á örverur
- geymir forða steinefna, kalks og fosfats, við viss skilyrði í nálægð flúors.

Ef munnhirðu er ábótavant og tannskýkla nær að safnast fyrir, hindrar hún aðgengi munnvatnsins að tannfirborðinu og varnarkerfið gagnast ekki.

Ákveðin matvæli, s.s. ostur og sykurlaust tyggigúmmí, örva munnvatnsflæði.

*** Heilbrigðisstéttir þurfa að gera sér grein fyrir stórauðinni hættu á tannáttu hjá einstaklingum með munnþurrk.**

*** Margar tegundir lyfja valda munnþurrki.**

*** Ráðleggingar til einstaklinga með munnþurrk ættu m.a. að fela í sér notkun flúorviðbóta í formi sogtaflna, munnskols eða tyggigúmmís.**

2.5 XYLITOL

Þó svo að fáar vísbendingar séu um hamlandi áhrif sætuefna hafa nokkrar rannsóknir í Finnlandi sýnt fram á að notkun sætuefnisins xylitols í stað kolvetna í mat getur dregið mikið úr tannáttu ^{62,63} (III).

B Ráðleggingar til einstaklinga varðandi mataræði ættu að ýta undir notkun sætuefna í mat og drykk, sérstaklega xylitols.

2.6 SYKURLAUST TYGGIGÚMMÍ

Tyggigúmmí sem inniheldur xylitol og sorbitol hamla tannáttu vegna örvandi áhrifa á myndum munnvatns. Xylitol hefur meiri áhrif en sorbitol þar sem hið fyrrnefnda vinnur einnig gegn örverum ⁶³ (IIIb).

B Þegar það á við, ætti að hvetja einstaklinga til að nota sykurlaust tyggigúmmí, sérstaklega ef það inniheldur xylitol.

*** Ráðleggingar til einstaklinga með munnþurrk ættu að fela í sér notkun sykurlaus tyggigúmmís með xylitoli**

2.7 SYKURLAUS LYF

Áður fyrr var lítill gaumur gefinn þeirri hættu sem tönnum stafar af tíðri notkun sætra lyfja. Rannsóknir hafa sýnt fram á skaðleg tengsl sykraðra lyfja og tannáttu ⁶¹⁻⁶⁴. Þá hefur verið sýnt fram á að forskólabörn á Íslandi sem oft hafa neytt sykraðra lyfja eru með mikla tannáttu ^{11,69}. Áhyggjur af áðurnefndri hættu hafa leitt til þess að nú er til mikið úrval sykurlausra lyfja ⁶⁴⁻⁶⁷ (III).

Sykurlaus lyf eru skilgreind sem vökvaupplausnir lyfja sem ekki innihalda frúktósa, glúkósa eða súkrósa. Lyf sem innihalda “hydrogenated” glúkósasýróp, mannitol eða sorbitol eru einnig skilgreind sem sykurlaus lyf þar sem rannsóknir benda til þess að þau valdi ekki tannáttu ⁶⁸. Tilvísun á sykurlaus lyf er afar mikilvæg ef um langtíma notkun lyfja er að ræða, daglega eða annan hvern dag í meira en þrjá mánuði.

*** Allir ættu að gera sér grein fyrir aukinni hættu á tannáttu sem stafar af notkun sykraðra lyfja.**

Læknar og tannlæknar ættu að ávísa sykurlausum lyfjum frekar en sykrudum, hvenær sem það er mögulegt og heilbrigðisstarfsfólk ætti að hvetja til notkunar sykurlausra lyfja frekar en sykraðra lyfja, sem seld eru í lausasölu. Einnig ætti að hafa í huga tímasetningu á inntöku lyfja og tengja lyfjatöku matartímum þegar mögulegt er.

*** Hvetja ætti lyfjafræðinga til afgreiðslu sykurlausra lyfja, frekar en sykraðra, hvort sem þau eru lyfseðilsskyld eða seld í handkaupum.**

3 SÉRTÆK TANNVERND

3.1 SKORUFYLLUR

Rannsóknir undanfarinna ára hafa sýnt að notkun efna úr plastblendi til skorufyllinga mynda öfluga vörn gegn tannáttu í skorum tanna. Miklar framfarir í efnisfræðum hafa aukið viðloðun þessara efna við tennur og bætt árangur þessarar aðferðar til mikilla muna. Formleg safngreining hefur sannað áhrifamátt þessara aðferða ⁷⁰ (Ia). Gildi skorufylla meðal þeirra sem eru í lágri áhættu þarf að meta betur. ^{70,71}

A Skorufylla ætti þær tennur sem teljast í áhættu.

Val einstaklinga sem mest þarfnast skorufylla er byggt á áhættumati (sjá töflu 5) ⁷². Hjá meirihluta einstaklinga í áhættu er skorufylling fullorðinsjaxla nægjanleg ⁷² (IV). Hins vegar skal á það bent að til að ná fram hámarksvörn þarf að fylla í allar skorur tannarinnar. Auk þess ætti að hafa reglulegt eftirlit með ástandi skorufylla og lagfæra þær eftir þörfum ^{73,74} (IIa).

B Skoða ætti ástand skorufyllna í hvert skipti sem eftirlit fer fram. Auk þess er nauðsynlegt að lagfæra þær eftir þörfum.

Skorufyllur úr glerblendi hafa lakari viðloðun en skorufyllur úr plastblendi. Auk þess eru hamlandi áhrif glerblendis á tannáttu umdeild. Því eru glerblendi aðallega notuð þegar ekki er mögulegt að nota plastblendi ⁷⁵ (IIa).

B Einungis ætti að nota glerblendi í skorufyllur þegar ekki er mögulegt að nota plastblendi.

3.2 VIÐBÓTARFLÚOR

Viðbótarflúor er fánlegur m.a. í sogtöflum, munnskoli, hlaupi og lakki. Vísindalegar rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á áhrifum flúorviðbóta staðfesta að notkun þeirra dregur úr tannátmyndun ⁷⁶ en benda jafnframt á að raunverulegt framlag þeirra er ekki eins mikið og æskilegt væri þar sem erfitt er að fá þá sem eru í mikilli áhættu til að fara eftir ráðleggingum um notkun ⁵⁰.

Ekki er mælt með almennri notkun á flúortöflum til varnar tannáttu hjá börnum sex ára og yngri, þó þau búi á svæðum þar sem lítill flúor er í drykkjarvatni, eins og reyndin er hér á landi. Hins vegar er mælt með notkun þeirra hjá börnum með tannáttu sem erfitt er að ráða við ⁷⁷. Börn á aldrinum sex til fimmtán ára sem eru að fá fullorðinstennur þarfnast aukinnar flúorverndar í formi lökkunar og skolunar auk þess

sem slæmar neysluvenjur kalla á aukna flúorvernd ⁷⁸. Á vegum heilsugæslunnar stendur öllum sex, tólf og fimmtán ára grunnskólanemendum til boða flúorskólun á hálfsmánaðar fresti allt skólaárið ⁵⁸. Notkun viðbótarflúors er viðeigandi hjá öllum aldurshópum í mikilli áhættu og má nota hvenær sem líklegt er að farið verði eftir ráðleggingum um notkun. (IV) Helst ætti tannburstun og notkun viðbótarflúors að fara fram á mismunandi tímum til að hámarka þann tíma sem tennurnar eru í snertingu við flúor.

B Dagleg notkun flúorsogtaflna er vænlegur kostur fyrir einstaklinga í mikilli áhættu.

* Dagleg notkun á flúormunnskoli að styrkleika 0.5mg/ml NaF er vænlegur kostur fyrir eldri einstaklinga en sex ára í mikilli áhættu.

* Vikuleg skolun tanna með flúormunnskoli að styrkleika 2.0mg/ml NaF er vænlegur kostur fyrir einstaklinga, sex ára og eldri í mikilli áhættu.

3.3 STADBUNDIN LÖKKUN

Sýnt hefur verið fram á mikil áhrif flúorlökkunar ^{55,79,80} til varnar tannátu bæði í fullorðins- og barnatönnum ⁸⁰. Þrátt fyrir að niðurstöður klínískra íhlutandi rannókna séu ekki samhljóma, þá sýna niðurstöður úr meta-greiningum hins vegar án vafa, að flúorlakk sem borið er á reglulega skilar árangri ^{55,80}.

Tíðari lökkun en tvisvar á ári virðist ekki bæta varnir gegn tannátu hjá þjóð með tiltölulega lága tíðni tannátu. Finnisk athugun á 9-13 ára börnum fann engan marktækan mun á tíðni tannátu þegar borin var saman flúorlökkun sem fór annars vegar fram tvisvar á ári og hins vegar fjórum sinnum á ári ⁸¹ (IIb).

B Flúorlökkun á tannlæknastofu má beita á fjögurra eða sex mánaða fresti á tennur barna sem hætt er við tannátu.

3.4 KLÓRHEXIDÍN

Ítarleg meta-greining klínískra rannsókna á áhrifum klórhexidíns, hefur sýnt að efnið í formi skols eða hlaups getur dregið á marktækan hátt úr tannátu (46% minnkun að meðaltali), óháð notkunaraðferð, tíðni notkunar, áhættu á tannátu, greiningu á tannátu, tannfirborði eða flúornotkun ⁸² (Ia).

Þegar tannlæknir ber klórhexidínhlaup á snertifleti tanna með tannþræði fjórum sinnum á ári, þá dregur það verulega úr tannátu. Þessi skilvirka meðferð nýtist vel hjá einstaklingum með mikla tannátu ⁸³ (IIa).

Klórhexidín lökkun (1%) kom í veg fyrir tannátu í skorum jaxla þegar það var borið á þrisvar sinnum með jöfnu bili á níu mánaða tímabili ⁸⁴ (Ib).

B Hafa ætti í huga notkun klórhexidín-lakks sem viðbótarlyf gegn tannátu

